

**Ed.**

## **23. Frumvarp til laga**

um breyting á l. nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Guðm. Í. Guðmundsson.

1. gr.

Upphaf annarrar málsgr. 1. gr. laganna orðist þannig:  
Í hreppi með 100 íbúa eða færri eru launin 300 krónur. Í hreppi með 101—150 íbúa eru launin 330 krónur. Í hreppi með 151—200 íbúa eru launin 360 krónur og svo framvegis, þannig að launin hækka um 30 krónur fyrir hverja 50 íbúa.

2. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:  
Af aukatekjum þeim, sem talðar eru í 3. til 8. gr. og 10. gr. laganna, greiðir gjaldandi einnig verðlagsuppbót eins og hún er á hverjum tíma.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal greiða samkvæmt þeim hreppstjóra laun þau, er í gjalddaga falla á næstu manntalsþingum 1947.

### **G r e i n a r g e r ð.**

Frv. samhljóða 1. og 3. gr. var flutt hér í deildinni á síðasta aðalþingi, en varð ekki afgreitt. Frv. því fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Nú þegar laun starfsmanna ríkisins nær allra hafa verið stórhækkuð, þá er það einn flokkur manna, er laun taka úr ríkissjóði, hreppstjórar, sem enga launahækkun hefur fengið, og eru þó störf þeirra margra umsvifamikil og allmargbrotin. Í frv. þessu er lagt til, að laun hvers hreppstjóra hækki aðeins um kr. 200.00 á ári, og munu fáir telja, að hér sé lengra farið í kröfum en nauðsyn er til.“

Þá teljum við flm. sjálfsagt, að aukatekjur hreppstjóra verði hækkaðar í samræmi við gildandi verðlagsuppbót.